

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/54/87

frá 28. júní 2013

## um samþykkt viðbragðsáætlana, sem Króatía hefur lagt fram, til að verjast tilteknum dýrasjúkdómum

(tilkynnt með númeri C(2013) 3992)

(2013/347/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/66/EBE frá 14. júlí 1992 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með Newcastle-veiki<sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 4. mgr. 21. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2001/89/EB frá 23. október 2001 um ráðstafanir Bandalagsins til að hafa eftirlit með svínapest<sup>(2)</sup>, einkum annarri undirgrein 3. mgr. 22. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki, um niðurfellingu á tilskipun 85/511/EBE og ákvörðunum 89/531/EBE og 91/665/EBE og um breytingu á tilskipun 92/46/EBE<sup>(3)</sup>, einkum 7. mgr. 72. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE<sup>(4)</sup>, einkum annarri undirgrein 4. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 92/66/EBE er mælt fyrir um varnarráðstafanir Sambandsins sem grípa skal til ef Newcastle-veiki kemur upp. Í tilskipun 92/66/EBE er m.a. kveðið á um að hvert aðildarríki skuli semja viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanir sem grípa skal til ef sá sjúkdómur kemur upp.
- 2) Í tilskipun 2001/89/EB er mælt fyrir um lágmarksráðstafanir Sambandsins um varnir gegn svínapest. Í tilskipun 2001/89/EB er m.a. kveðið á um að hvert aðildarríki skuli semja viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanir sem grípa skal til ef sá sjúkdómur kemur upp.
- 3) Í tilskipun 2003/85/EB er mælt fyrir um lágmarksvarnarráðstafanir sem grípa skal til ef gin- og klaufaveiki, af völdum veiru af hvaða tegund sem er, kemur upp. Í þeirri tilskipun er einnig mælt fyrir um tilteknar forvarnarráðstafanir sem miða að því að auka vitund og viðbúnað lögbærra yfirvalda og landbúnaðarsamfélagsins

gagnvart gin- og klaufaveiki. Í tilskipun 2003/85/EB er m.a. kveðið á um að aðildarríkin skuli semja viðbragðsáætlun, þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanir sem gera þarf til að vera vel á varðbergi gagnvart gin- og klaufaveiki og hafa viðbúnað gegn henni og til að viðhalda háu stigi umhverfisverndar, sem grípa skal til ef sá sjúkdómur kemur upp.

- 4) Í tilskipun 2005/94/EB er mælt fyrir um tilteknar forvarnarráðstafanir er varða vöktun og snemmbúna greiningu á fuglainflúensu og aukna vitund lögbærra yfirvalda og landbúnaðarsamfélagsins ásamt undirbúningi fyrir þá áhættu er fylgir þeim sjúkdómi. Í þeirri tilskipun er einnig mælt fyrir um lágmarksvarnarráðstafanir sem grípa skal til komi upp fuglainflúensa í alifuglum eða öðrum fuglum sem eru í haldi og snemmbúna greiningu á mögulegri útbreiðslu fuglainflúensuveiru meðal spendýra. Í tilskipun 2005/94/EB er m.a. kveðið á um að öllum aðildarríkjum beri að semja viðbragðsáætlun í samræmi við X. viðauka við tilskipunina, þar sem tilgreindar eru landsráðstafanir sem grípa skal til ef fuglainflúensa kemur upp.
- 5) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1099/2009 frá 24. september 2009 um vernd dýra við aflífun<sup>(5)</sup> er mælt fyrir um reglur um aflífun dýra sem eru ræktuð eða haldin til framleiðslu á matvælum, ull, húð, loðfeldi eða öðrum afurðum og einnig um aflífun dýra vegna niðurskurðar og tengdar aðgerðir. Í reglugerð (EB) nr. 1099/2009 er m.a. kveðið á um að fyrirhugaðar deyfingar- og aflífunaraðferðir og samsvarandi staðlaðar verklagsreglur til að tryggja að farið sé að þeirri reglugerð skuli vera hluti af viðbragðsáætlunum, sem krafist er samkvæmt lögum Sambandsins um heilbrigði dýra, á grundvelli tilgátunnar sem sett er fram í viðbragðsáætluninni varðandi umfang og staðsetningu sjúkdóma sem grunur leikur á að komi upp.
- 6) Í ljósi inngöngu sinnar í Evrópusambandið 1. júlí 2013 lagði Króatía viðbragðsáætlanir sínar varðandi Newcastle-veiki, svínapest, gin- og klaufaveiki og fuglainflúensu fyrir framkvæmdastjórnina til umfjöllunar og samþykkis.
- 7) Þessar áætlanir, eins og Króatía breytti þeim í kjölfar tillagna framkvæmdastjórnarinnar meðan á athugun hennar stóð, uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 92/66/EBE, 2001/89/EB, 2003/85/EB og 2005/94/EB, eftir því sem við á. Að auki taka þær til þeirra þátta sem eru nauðsynlegir til að uppfylla

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 183, 2.7.2013, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtuð. EB L 260, 5.9.1992, bls. 1.

(2) Stjtuð. EB L 316, 1.12.2001, bls. 5.

(3) Stjtuð. ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1.

(4) Stjtuð. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16.

(5) Stjtuð. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.

kröfur reglugerðar (EB) nr. 1099/2009. Með áætlunum er gert kleift, með fyrirvara um skilvirka framkvæmd og reglubundna uppfærslu, að ná markmiðum tilskipana 92/66/EBE, 2001/89/EB, 2003/85/EB og 2005/94/EB og reglugerðar (EB) nr. 1099/2009. Því er rétt að samþykkja þessar áætlanir með þessari ákvörðun.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Eftirfarandi viðbragðsáætlanir, sem Króatía lagði fram 11.maí 2013, eru samþykktar:

- a) viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanirnar sem grípa skal til ef Newcastle-veiki kemur upp, sem kveðið er á um í 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 92/66/EBE,
- b) viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanirnar, sem grípa skal til ef svínapest kemur upp, sem kveðið er á um í 1. mgr. 22. gr. tilskipunar 2001/89/EB,

- c) viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanir sem gera þarf til að vera vel á varðbergi gagnvart gin- og klaufaveiki og hafa viðbúnað gegn henni og til að viðhalda háu stigi umhverfisverndar, sem grípa skal til ef gin- og klaufaveiki kemur upp, sem kveðið er á um í 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2003/85/EB,

- d) viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanirnar sem grípa skal til ef fuglainflúensa kemur upp, sem kveðið er á um í 1. mgr. 62. gr. tilskipunar 2005/94/EB.

##### 2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. júní 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Tonio BORG  
*framkvæmdastjóri.*